Ed. **569. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir nú íhugað frv. þetta og átt tal um það við bankastjóra Búnaðarbankans. Töldu þeir breytingarnar, sem frv. ráðgerir á lögunum, æskilegar, svo sem þá, að heimilt væri að veita lán til fáeinna nýbýla á óræktuðu landi í sveit, en gerðu alls ekki ráð fyrir, að veitt yrðu lán til býla í útjöðrum kaupstaðanna og að eftir sem áður gengju aðallánin til að endurreisa bæi á byggðum jörðum.

Að fengnum þessum skýringum leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna gat ekki mætt á fundinum og hefir því óbundið atkvæði.

Alþingi, 16. apríl 1930.

Jón Jónsson, form., frsm. Jónas Kristjánsson, fundaskr.